

Alþingi við Austurvöll
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is
150 Reykjavík

26. október 2023
Mál 2310040

Umsögn Isavia um þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 325. mál, 154. löggjafarþing.

Vísað er til umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 325. mál.

Isavia ohf., óskar eftir að koma eftirfarandi ábendingum að við þingsályktunartillöguna:

Í 1. kafla sem fjallar um Markmiðið um greiðar samgöngur leggur félagið til að g-liður á **bls. 2** orðist svo:

Keflavíkurflugvöllur verði áfram öflugur alþjóða- og tengiflugvöllur og mæti þörfum millilanda- og tengiflugs eins og kostur er. Unnið verði að því að tryggja að Ísland verði áfram samkeppnishæf miðstöð tengiflugs.

Í kafla 2.2. Áhrif á íslenskt samfélag segir í þriðju málsgrein á **bls. 49**:

Keflavíkurflugvöllur hefur vaxið hratt á undanförunum árum, samhliða hröðum vexti ferðaþjónustu hér á landi. Stefnt er að því að völlurinn þróist áfram með það að markmiði að hann standist samanburð við bestu flugvelli í heimi.

Eftirfarandi orðalag er í betra samræmi við stefnu Isavia og leggur félagið því til að setningin orðist svo:

Keflavíkurflugvöllur hefur vaxið hratt á undanförunum árum, samhliða hröðum vexti ferðaþjónustu hér á landi. Stefnt er að því að flugvöllurinn þróist áfram.

Á **bls. 50** er talað um uppsafnaða þörf í flugvallakerfinu. Félagið leggur til að málsgreinin orðist svo:

Isavia Innanlandsflugvellir hefur áætlað að uppsöfnuð þörf í innanlandsflugvallakerfinu sé um 20 milljarðar króna.

Á **bls. 61** er að finna eftirfarandi setningu: *Notendagjöld á Reykjavíkurflugvelli eru hliðstæð gjöldum á Keflavíkurflugvelli en gjöld á öðrum flugvöllum hafa verið mun lægri.*

Félagið leggur til að setningin orðist svo:



Notendagjöld á flugvöllum landsins eru sett samkvæmt gjaldskrá árlega. Reykjavíkurlflugvöllur ber hæstu gjöldin en gjöld á öðrum innanlandsflugvöllum hafa verið mun lægri.

Isavia tekur undir að mikilvægt er að greina umhverfisáhrif flugvalla en greina þarf nánar hvernig líkur eru á að orkuskipti verði í flugi, svo sem hvaða orkugjafar koma til álita, t.d. vetni eða rafmagn. Þá þarf að greina hver fjárfesting í uppbyggingu innviða til að þjóna orkuskiptum þarf að vera.

Samgönguáætlun leggur til að áhrif loftslagsbreytinga á samgönguinnviði verði greind og er Isavia einn af þeim aðilum sem áætlunin felur ábyrgð í þessu sambandi. Félagið tekur undir að þessi greining er þörf og hefur þegar hafið vinnu í þessa veru. Isavia vekur hins vegar athygli á því að nauðsynleg forsenda áframhaldandi vinnu er að fá gögn frá Veðurstofu Íslands sem er í lykilhlutverki hvað þetta varðar. Þá þarf að vera ljóst hver ber ábyrgð á að reka gagnagrunn um veðurtengda atburði.

Að lokum telur Isavia afar mikilvægt að það liggja fyrir hvernig fjármagna eigi þau verkefni sem samgönguáætlun kveður á um.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia ohf.

Erna Hjaltested
yfirlögfræðingur